

11.12.2009

Viðskiptanefnd Alþingis

Efni: Minnisblað um skilgreiningar í 2. gr. þingmáls nr. 255 (Innstæðutryggingar)

Peningamarkaðssjóður er verðbréfasjóður þar sem almenningur kaupir hlutdeildarskírteini og sjóðurinn á móti fjárfestir samkvæmt fyrirfram gefinni fjárfestingarstefnu í ýmsum verðbréfum og innlánum. Ávöxtun almennings fer síðan eftir því hvernig sjóðnum tekst að ávaxta fjármuni sína.

Peningamarkaðsinnlán er ein tegund bundins innláns í banka. Það er samningur milli viðskiptamanns og bankans um að ákveðin fjárhæð er lögð inn á bankann í fyrirfram ákveðinn tíma á fyrirfram ákveðnum vöxtum. Í lok binditíma er fjárhæðin greidd tilbaka inná reikning viðskiptamannsins.

Enginn eðlismunur er því á milli þess að opna reikning í nafni viðskiptamanns og að binda fjárhæðina í fyrirfram ákveðin tíma á fyrirfram ákveðnum vöxtum. Einungis er um kerfislegan mun að ræða sem snýr að því hvernig bankinn heldur utan um þetta innlán hjá sér.

Bankar eru í dag að miklu leiti fjármagnaðir með innlánum með engan binditíma. Mikilvægt er fyrir bankana að reyna að lengja í gjalddaga þessara innlána. Það hefur verið og mun vera gert með því að bjóða bundin innlán til lengri og skemmri tíma. Ef það hvernig bankarnir færa þessi bundnu innlán í kerfum sínum (RB vs. önnur kerfi) á að fara eftir því hvort þau séu tryggð eða ekki, verður til mismunur og mun gera það að verkum að markaðurinn þróast ekki eðlilega.

Mun eðlilegra er því að miða við t.d. hvort um framseljanlega gjörninga (lántökur bankans í t.d. víxlum og skuldabréfum) eða óframseljanlega gjörninga (t.d. innstæður, bundin innlán, peningamarkaðsinnlán). Með því að miða við framangreint þá er einnig mun einfaldara að átta sig á því hvort nýjar vörur sem boðið verði upp á í framtíðinni og reglurnar ná ekki yfir í dag, séu tryggðar.

Loks vilja SFF áréttta áhyggjur af því flækjustigi í framkvæmd sem það mun skapa að undanskilja stjórnendur innlánsstofnana innstæðuvernd eins og 6. tölul. 14. gr. frumvarpsins mælir fyrir um. Samkvæmt heimildum SFF hafa Bretar verið með slíkt ákvæði í sínum lögum en eru nú að hverfa frá því vegna þess hversu flókin framkvæmdin hefur reynst.

Virðingarfyllt,
Guðjón Rúnarsson, SFF